

<b>Dags. fundar:</b> 1. desember 2014	<b>Tími:</b> 17.15.	<b>Nr. fundar:</b> 46
<b>Fundarboðari:</b> Ólafur Baldursson	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson.	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. Smáþjóðaleikar 2015.
2. Metaskráning vegna ÍM 25.
3. Breyting á FINA þingi á bringusundi.

**Viðstaddir:** Ólafur Baldursson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir, Hilmar Örn Jónasson. Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason auk Hrafnkels Marinóssonar frá undirbúningsnefnd Smáþjóðaleika.

**Boðaði forföll:** Ingibjörg E. L. Stefánsdóttir

**Dagskrá:**

1. Hrafnkell byrjaði að ræða um fatamál dómara á Smáþjóðaleikunum. Farið var yfir gátlistann vegna mótsins Rætt var um umgjörðina og að æfingamót vegna Smáþjóðaleikanna verði R.I.G 205 og ÍM 50. Ræða þarf við Ægir vegna uppstillingar dómara á R.I.G. Ákveðið var að senda út lista á dómara vegna uppröðunnar og fá staðfestingar. Tæknibúr og riðlastjórn eru í vinnslu.

Hrafnkell vék af fundi.

2. Einhverjar yfirlýsingar hafa flogið um Íslandsmetaskráningar á ÍM 25 skyldu skráðar á móðurfélag sundmanns/sundkonu. Félög innan Íþróttabandalaga sem keppa undir merkjum þeirra fá metin skráð á Íþróttabandalagið þar sem þau voru skráðir sundmenn/konur þeirra. Á þeim metastaðfestingum á mótinu kvittuðu yfirdómarar skv. þeirri skilgreiningu.
3. Rætt var um breytingu á reglugerð FINA varðandi bringusund. Um er að ræða hvenær megi taka skriðsundssporð í bringusundi. Breytingin segir að sporðsundstakið megi gera fyrir fyrsta bringusundshandartak. Fundarmenn voru ekki alveg vissir hvort reglan hafi tekið gildi og beðið er eftir upplýsingum frá FINA.

**Fundi slitið kl: 18.30. Næsti fundur:** mánudaginn 5 janúar 2015, kl. 17.15 í Laugardalslaug.